



Dags. 01.12.2015

**SAMSTARFSSAMNINGUR**

Knattspyrnufélagið Haukar (kt: 600169-0419) og Hafnarfjarðarbær (kt. 590169-7579) gera með sér samstarfssamning. Samningurinn felur í sér samstarf um áramótabrennu og þrettándagleði. Samningurinn er gerður fyrir áramótin 2015-16.

**Áramótabrenna**

- Haukar sjá um framkvæmd brennunar, staðsetning er inn á Haukasvæði sjá (teikningu á meðfylgjandi fylgiskjali 1).
- Haukar munu sjá um móttöku brennuefnis og vöktun svæðisins.
- Haukar hafa umsjón með brennustæði þangað til PMH hefur slökkt í brennu og gengið frá. Slökkt verður í brennu í samráði við Hauka og hreinsun fer fram fyrsta virka dag eftir brennu.
- Haukar sjá um að hafa öll leyfi og tryggingar fyrir áramótabrennu.
- Haukar sjá um umferðarstýringu á svæðinu meðan brennan á sér stað.
- Haukar sjá um að allt aðgengi að brennu sé aðgengilegt upplýst og til fyrirmyndar.
- Haukar sjá um Hleðslu bálkastarins og hreinsun á svæði eftir brennu. Hafnarfjarðarbær (Þjónustumiðstöð) leggur til umferðarmerkingar eftir beiðni og útvegar tæki til hleðslu bálkastarins og til hreinsunar svæðisins eftir beiðni frá Haukum. **(31-661)**
- Hafnarfjarðarbær sér um auglýsingar í tengslum við kynningar vegna jólahalds í bænum. (Umsjónarmaður Hauka hefur samband við upplýsingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og tilkynnir honum hvernig framkvæmdin fer fram).
- Hafnarfjarðarbær leggur Haukum til **kr. 400.000.-** vegna umsjónar og framkvæmdar á brennunni. **(06012-9130)**

**Þrettándagleði**

- Haukar sjá um framkvæmd Þrettándagleðinnar sem haldin er 6. janúar á svæði félagsins á Ásvöllum.
- Haukar sækja um og sjá um að hafa öll leyfi og tryggingar fyrir þrettándagleði.
- Haukar sjá um skemmtidagskrá fyrir bæjarbúa sem innifelur varðeld, tónlist, skemmtiatriði og veglega flugeldasýningu.
- Hafnarfjarðarbær útvegar hljóðkerfi og svið. **(05712)**
- Haukar sjá um umferðarstýringu á svæðinu meðan Þrettándagleðinn stendur yfir.
- Hafnarfjarðarbær sér um auglýsingar í tengslum við kynningar vegna jólahalds í bænum.  
Umsjónarmaður Hauka hefur samband við upplýsingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og tilkynnir honum hvernig framkvæmdin fer fram.
- Hafnarfjarðarbær leggur Haukum til **kr. 500.000.-** vegna framkvæmdarinnar. **(31-661)**

Fyrirtækjum í eigu bæjarins er heimilt að leggja til brennuefni í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar.

Hafnarfirði 01.12.2015



Staðsetning áramótabrennu áramótin 2015-16

